

Barnið þitt og sýklalyf



Sýklalyf

geta verið slæmur
kostur!

Þýtt og staðfært

Karl G. Kristinsson og Sigurður Guðmundsson
Sýklafræði- og lyflækningadeild Landspítalans

Landlæknisembættið 1997

Um sýklalyf

Sýklalyf eru meðal mikilvægustu og virkustu lyfja sem þekkt eru. Rétt notuð bjarga þau mannlífum en þau geta valdið skaða sé notkun þeirra röng. Til dæmis á ekki að nota sýklalyf við veirusýkingu.

Bakteríur og veirur

Flestar sýkingar eru af völdum tveggja aðal-flokka sýkla – baktería eða veira. Veirur valda langflestum hóstapestum, hálsbólgu og öllum kvefpestum. Bakteríusýkingar er hægt að lækna með sýklalyfjum en veirusýkingar í öndunarvegi ekki. Þær batna hins vegar undantekningarlaust af sjálfu sér þegar sjúkdómurinn hefur runnið sitt skeið.



Bakteríusýkingar er hægt að lækna með sýklalyfjum en veirusýkingar aldrei.

Bakteríur ónæmar fyrir sýklalyfjum

Sífelld fleiri stofnar baktería eru að verða ónæmir fyrir sýklalyfjum. Ónæmar bakteríur er ekki hægt að drepa með viðkomandi sýklalyfjum. Sumar þeirra er unnt að meðhöndla með kröftugri lyfjum, sem getur þurft að gefa í æð á sjúkrahúsi, en nokkrar er þó ekki lengur unnt að meðhöndla með neinum þekktum sýklalyfjum. Með hverri sýklalyfjameðferð sem barn þitt fær aukast líkurnar á að það sýkist af ónæmum bakteríum. Hér á landi hefur einkum borið á lungnabólgu bakteríum með ónæmi fyrir penisillíni og öðrum algengum lyfjum sem unnt er að gefa um munn. Þessar bakteríur eru algengasta orsök eyrnabólgu og skútabólgu (kinnbeins- eða ennisholubólgu), og sem betur fer eru flestar enn næmar fyrir penisillíni.



Barnið þitt gæti þurft að leggjast inn á sjúkrahús ef það sýkist af ónæmum bakteríum.

Hvernig verða bakteríur ónæmar

Í hvert skipti sem sýklalyf eru gefin verka þau á næmar bakteríur og drepa þær en ónæmar bakteríur verða eftir og geta vaxið og fjölgað sér. Endurtekin notkun sýklalyfja er ein meginástæða verulegrar aukningar á ónæmum bakteríum bæði hér á landi og annars staðar. Þessar ónæmu bakteríur geta einnig breiðst til annarra í fjölskyldunni og um samfélagið.

R_x

Þú getur varið barn þitt gegn ónæmum bakteríum

Lyfseðill til foreldra:

Kynnið ykkur muninn á bakteríu- og veirusýkingum og ræðið við lækni um hann.

Munið að sýklalyf ætti ekki að nota við veirusýkingum.



Hvenær er sýklalyfja þörf og hvenær ekki?

Að sjálfsögðu getur læknir best svarað svo flókinni spurningu og byggt svarið á sértækri sjúkdómsgreiningu. Hér eru nokkur dæmi: Eyrnabólga: Til eru mörg stig eyrnabólgu og sum þarfnast sýklalyfjameðferðar en önnur ekki.

Við væg sjúkdómseinkenni getur verið skynsamlegt að bíða með sýklalyf enda geta einkennin horfið sjálfkrafa á 1-3 dögum.

Skútabólga (kinnholubólga): Flest börn sem hafa þykkun og grænan hor eru ekki með skútabólgu. Einstöku sinnum getur þó þurft að gefa sýklalyf, einkum ef sjúkdómurinn hefur staðið lengi eða er samfara miklum veikindum.

Hósti og bráð berkjubólga (bronchitis): Einkenni um bráða berkjubólgu hjá börnum benda oft til astma og er þá ekki ástæða til sýklalyfjameðferðar. Annars er bráð berkjubólga nánast alltaf af völdum veira og því sjaldnast ástæða til sýklalyfjameðferðar.

Hálsbólga: Flest tilvik hálsbólgu eru af völdum veira. Ein tegund baktería, streptókokkar, getur valdið hálsbólgu og hana þarf að meðhöndla með sýklalyfjum. Til að greina bakteríuhálsbólgu frá veiruhálsbólgu þarf að taka hálsstrok.

Kvefi: Kvefi er alltaf af völdum veira og getur stundum varað í 2 vikur eða lengur. Sýklalyf eru gagnslaus við kvefi en læknir getur bent á ýmsar meðferðir til að slá á einkennin þar til sjúkdómurinn hefur runnið sitt skeið.

Sýkingar geta breyst

Veirusýkingar geta einstöku sinnum leitt til bakteríusýkinga. Hins vegar er ljóst að meðferð veirusýkinga með sýklalyfjum til að koma í veg fyrir bakteríusýkingar er gagnslaus og getur beinlínis leitt til sýkingar með ónæmum bakteríum. Látið lækninn vita ef sjúkdómur versnar eða varir mjög lengi þannig að unnt sé að hefja rétta meðferð ef þörf krefur.

**Þegar barn þitt
er veikt
eiga sýklalyf
ekki alltaf við**



Algengar spurningar

Hvað get ég gert til að vernda barn mitt gegn bakteríum sem eru ónæmar fyrir sýklalyfjum?

Notið sýklalyf eingöngu þegar læknir telur þau gera gagn. Sýklalyf lækna ekki kvef. Flestar hóstapestir, hálsbólgur, nefrennsli og kvef batna af sjálfu sér.

Ef hor í nös breytist úr glærum í gulan eða grænan, táknar það að barn mitt þurfi sýklalyfjameðferð?

Gulur eða grænn hor táknar ekki að barnið hafi bakteríusýkingu. Algengt er að hor þykkni og breyti um lit í kvefpestum.

Þýðir þetta að ég eigi aldrei að gefa barni mínu sýklalyf ?

Nei, sýklalyf eru afar virk og oft nauðsynleg til að lækna tiltekna bakteríusýkingar og skal þeim þá beitt. Hins vegar getur ofnotkun þessara mikilvægu lyfja leitt til ónæmis þannig að virkni þeirra minnkar þegar þeirra er raunverulega þörf.

Hvernig veit ég hvort barn mitt er með veiru- eða bakteríusýkingu ?

Spyrðu lækninn þinn. Ef þú heldur að barnið þurfi á meðferð að halda, skaltu hafa samband við hann. Mundu hins vegar að kvefpestir eru af völdum veira og þær á aldrei að meðhöndla með sýklalyfjum.

Eftir bæklingi útgefnum af American Academy of Pediatrics, Centers for Disease Control and Prevention og American Society for Microbiology.

Í samráði við Félag íslenskra barnalækna og Félag íslenskra heimilislækna.